

BRÁÐABIRGÐALÖG

um álagningu opinberra gjalda á árinu 1980 og innheimtu þeirra
á síðari hluta þess árs.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Fjármálaráðherra hefur tjáð mér að þar sem álagning opinberra gjalda verði síðbúin í ár m. a. vegna þess að undirbúningur innheimtu samkvæmt álagningu sé nú mun tímafrekari en ella vegna gerbreyttra reglna um skattlagningu hjóna og vegna þess hve seint voru samþykktar viðamiklar breytingar á tekjuskatts- og tekjustofnalögum beri brýna nauðsyn til að setja bráðabirgðalög um álagningu opinberra gjalda á árinu 1980 og innheimtu þeirra á síðari hluta þess árs.

Fyrir því eru sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 98. gr. laga nr. 40/1978 sbr. 44. gr. laga nr. 7/1980 þarf álagningu opinberra gjalda eigi að vera lokið fyrr en 31. ágúst á árinu 1980.

Við framkvæmd álagningar skal heimilt, með tilliti til aðstæðna í hverju skattumdæmi, að ljúka sérstaklega álagningu á hvern eftirtalinna þriggja flokka gjaldenda á mismunandi tíma innan þess lokafrests er um getur í 1. mgr. þessarar greinar. 1. Menn sbr. 1. gr. laga nr. 40/1978 sbr. þó 2. tl. 2. Börn sem skattlögð eru samkvæmt 6. gr. laga nr. 40/1978. 3. Lögðila, sbr. 2. gr. laga nr. 40/1978, og þá aðila er um ræðir í 3. gr. þeirra laga.

Sé heimild 2. mgr. þessarar greinar beitt skal skattstjóri gæta ákvæða 2. og 3. ml. 1. mgr. 98. gr. 1. 40/1978 með síðari breytingum varðandi hvern framantalinna flokka gjaldenda.

2. gr.

Hafi álagningu opinberra gjalda á árinu 1980 eigi verið lokið á skattaðila þann 1. ágúst ber honum að greiða í ágústmánuði til viðkomandi innheimtuaðila gjaldanna fjárhæð er nemur 20% af þeirri fjárhæð fyrirframgreiðslu sem skattaðila ber að inna af hendi á fyrri hluta ársins skv. ákvæðum laga nr. 1/1980. Greiðsluskylda skv. þessari grein hvílir á því hjóna sem fyrirframgreiðslukröfu var beint að á fyrri hluta ársins.

Heimilt er einstökum sveitarstjórnnum og innheimtumönnum ríkissjóðs að ákveða að innheimta í ágúst mánuði skuli fara fram skv. ákvæðum 1. mgr. þessarar greinar enda þótt álagningu á gjaldendur eða einhvern hluta þeirra ljúki fyrir 1. ágúst ef viðkomandi innheimtuaðili gefst ekki ráðrúm til að undirbúa framkvæmd innheimtu í ágústmánuði á grundvelli álagningar. Sé þessari heimild beitt skal viðkomandi innheimtuaðili auglýsa þá ákvörðun sérstaklega í Lögbirtingablaði fyrir 31. júlí.

3. gr.

Álögð opinber gjöld að frádreginni fyrirframgreiðslu þeirri sem greiða ber skv. lögum nr. 1/1980 skal á árinu 1980 greiða með sem næst jöfnum fjárhæðum á fimm gjalddögum hinn fyrsta dag hvers mánaðar á tímabilinu ágúst til desember.

Hjá þeim gjaldendum sem ákvæði 2. gr. þessara laga eiga við um kemur greiðsluskylda samkvæmt þeirri grein í stað ágústgreiðslu skv. 1. mgr. þessarar greinar. Sá mismunur sem verða kann á einum fimmta hluta greiðsluskyldu skv. 1. mgr. þessarar greinar og ágústgreiðsluskyldu skv. 2. gr. laga þessara skal að því er þessa aðila varðar bætast við eða dragast frá greiðsluskyldu skv. 1. mgr. þessarar greinar í september eftir því sem á við.

4. gr.

Lög þessi taka til allra þeirra gjalda sem skattstjórar leggja á, annarra en sölugjalds skv. l. nr. 10/1960 með síðari breytingum og sérstaks tímabundins vörugjalds skv. lögum nr. 107/1978 með síðari breytingum.

Um álagningu opinberra gjalda á árinu 1980 gilda að öðru leyti en um getur í 1. gr. þessara laga ákvæði l. nr. 40/1978 með síðari breytingum. Um innheimtu opinberra gjalda á síðari hluta ársins þ. á. m. um eindaga, dráttarvexti, ábyrgð, skyldur launagreiðanda og lögtaksrétt fer að öðru leyti en um getur í 2. og 3. gr. laga þessara eftir almennum reglum laga um innheimtu viðkomandi gjalda.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum 24. júlí 1980.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ragnar Arnalds.